

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 78/1999

frá 25. júní 1999

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/1999 frá 28. maí 1999⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3059/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1568/98 frá 17. júlí 1998 um breytingu á I., II., III. og IV. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/98 frá 17. júlí 1998 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 323, 16.12.1994, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 205, 22.7.1998, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtíð. EB L 205, 22.7.1998, bls. 7.

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **394 R 3059**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3059/94 frá 15. desember 1994 (Stjtið. EB L 323, 16.12.1994, bls. 15),
- **398 R 1568**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1568/98 frá 17. júlí 1998 (Stjtið. EB L 205, 22.7.1998, bls. 1), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 271, 8.10.1998, bls. 42),
- **398 R 1569**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/98 frá 17. júlí 1998 (Stjtið. EB L 205, 22.7.1998, bls. 7).“

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3059/94, (EB) nr. 1568/98 og (EB) nr. 1569/98 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vík

E. Gerner